



Reykjavík, 12. apríl 2022

### **Yfirlýsing vegna hækkunar grunnframfærslu Menntasjóðs námsmanna**

Landssamtök íslenskra stúdenta fagna hækkun á grunnframfærslu Menntasjóðs námsmanna fyrir skólaárið 2022-2023. Hækkunin sem um ræðir nemur 18% af grunnframfærslu 2021-2022. Grunnframfærslan fyrir næsta skólaárið er þar af leiðandi 137.100kr. fyrir stúdenta í leigu- eða eigin húsnæði.

Hækkun grunnframfærslu námslána er krafa sem stúdentar hafa lengi kallað eftir. Nú hafa borist þau tíðindi að loksins hafi raddir stúdenta fengið góðar viðtökur. Hækkun grunnframfærslunnar er skref í rétta átt til að sjóðurinn gegni. Samkvæmt [EUROSTUDENT VII könnuninni](#) vinna íslenskir stúdentar hvað mest í samanburði við nágrannaþjóðir. Hækkun grunnframfærslunnar er ákveðinn léttir fyrir íslenska stúdenta, einkum fyrir þau sem vinna samhliða námi.

Þetta þýðir samt ekki að vinnunni sé lokið. Töluverðar breytingar má gera á sjóðnum. Hugsanlegar breytingar eru t.a.m. hækkun frítekjumarks og lækkun kröfu um námsframvindu úr 22 ECTS. Fljótlega fer í hönd endurskoðun á Menntasjóði og er mikilvægt að meta árangurinn á þessu nýja kerfi og hvernig megi best koma til móts við stúdenta.

Þessi listi er ekki tæmandi, en gefur samt sem áður innsýn í þær breytingar sem stúdentar eru að fara fram á. Þrátt fyrir það að sjóðurinn sé ekki fullkominn í núverandi mynd er hækkun á grunnframfærslunni skref í rétta átt. LÍS er mjög ánægt og hlakkar til að sjá frekari framfarir í framtíðinni. Stúdentar eiga að geta framfleytt sér á námslaunum, ekki námslánunum.